

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt nr. 88 31. maí 1946, um stjórn bæjar-  
málefna í Akureyrarkaupstað.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. ágúst 1962.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Bændasjóð Bólstaðarhlíðarhrepps,  
úttefni á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. ágúst 1962.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bændasjóð Bólstaðarhlíðarhrepps.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Bændasjóður Bólstaðarhlíðarhrepps.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hjónunum Önnu Sigurjónsdóttur og Bjarna Jónas-  
syni, hreppstjóra í Blöndudalshólum á sjötugsafmæli hins síðarnefnda.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 15000.00 — fimmtán þúsund krónur — gjöf þeirra hjóna,  
sem hefur verið afhent hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps, en nefndin hefur yfir-  
stjórn sjóðsins á hendi og setur honum skipulagsskrá í samráði við gefendur.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að safna, eftir því sem tók eru á, myndum af öllum körlum og konum, sem  
búið hafa eða búa í Bólstaðarhlíðarhreppi fyrr eða síðar og öðrum, er gegnt  
hafa þar mikilsverðum störfum.
2. Að færa stutt æviágrip þessa fólks.
3. Að varðveita þessar minjar á öruggum stað innan héraðs.

### 5. gr.

Af stofnfé sjóðsins má verja þegar í byrjun kr. 3000.00 — þjú þúsund krónum —  
til þess að taka myndir af búendum Bólstaðarhlíðarhrepps 1961.

### 6. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Vextir.
- b. Gjafir og áheit, sem honum kunna að áskotnast.
- c. Fé, sem sveitarsjóður Bólstaðarhlíðarhrepps leggur til starfseminnar með sér-  
stakri fjárveitingu hverju sinni.

## 7. gr.

Hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps kýs 3 menn í stjórn sjóðsins. Í fyrsta sinn 1961, til eins árs, en svo eftir það jafnan til fjögurra ára að afstöðnum hreppsnefndarkosningum hverju sinni.

Þessi eru störf stjórnarinnar:

1. Að vinna að myndasöfnun, æviskrárritun og öðru því, sem um getur í 4. gr. reglugerðar þessarar.
2. Að ávaxta fé sjóðsins í Innlánsdeild Kaupfélags Húnavetninga á Blönduósi, eða Sparisjóði Húnavatnssýslu á Blönduósi.
3. Að halda gerðabók, en þar skal færa allar fundargerðir stjórnarinnar, árlega skýrslu um framkvæmdir sjóðsins og reikninga hans.
4. Að semja árlega áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins og leggja fyrir hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps til úrskurðar.
5. Að gera árlega reikning um tekjur og gjöld sjóðsins og sé reikningurinn einn af fylgireikningum sveitarsjóðs Bólstaðarhlíðarhrepps.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsskráin þannig samþykkt.

Bólstaðarhlíðarhreppi, 15. apríl 1962.

Jón Tryggvason.

Bóas Magnússon.

Haraldur Eyjólfsson.

Blöndudalshólum, 15. apríl 1962.

Bjarni Jónasson.

Anna Sigurjónsdóttir.

5. september.

Nr. 145.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóhönnu Pétursdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. september 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóhönnu Pétursdóttur.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minning Jóhönnu Pétursdóttur.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Jóhönnu Pétursdóttur, handavinnukennara stúlkna við barna- og unglingaskóla Bolungarvíkur. Jóhanna var fædd í Bolungarvík 20. júlí 1917 og lézt hinn 25. febrúar 1962. Hún kenndi við skólann frá 1952—1961.

## 3. gr.

Stofnendur sjóðsins eru foreldrar Jóhönnu, þau Pétur J. Ólafsson og Þorsteina Guðmundsdóttir, hjón í Bolungarvík, og dóttir hennar, Agnes S. Óskarsdóttir, Ísafirði. Stofndagur er 20. júlí 1962.